

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Veiðifélag Eystri Rangár Kt:530492-2659	Dags. eftirlits: 4. apríl 2017	Staðsetning stöðvar: Eyjarland, Bláskógarbyggð	Starfsleyfisflokkur:
Tengiliður: Einar Lúvíksson	Netfang: einar@ranga.is	Sími: 894-1118	Gerð stöðvar: seiðaeldi, bleikja, sjóbirtingur og lax
Gildistími starfsleyfis: Starfsleyfi ekki í gildi	Kvittun afhend: já	Viðstaddir eftirlit: Halldór Guðjónsson, stöðvarstjóri (s. 8657501)	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits:

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		x		Í stöð eru um 500.000 seiði, c.a 12-13 tonn, og smáseiði í starti.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?			x	Eftirlit hefur ekki verið framkvæmt áður. Stöðin var keypt fyrir ári og rekstur byrjar í febrúar. Verið er að endurnýja í stöðinni og t.d skipta um ristar sem eru öflugri og úr ryðfríu stáli.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		x		Haldið utan um seiðabókhald
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		x		Ársskýrslum hefur ekki verið skilað
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		x		Grænt bókhald hefur ekki verið unnið, en minnt á að krafa verður gerð um slíkt ef heimil framleiðsla verður 60 tonn eins og lagt var upp með skv. starfsleyfisumsókn.

Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		x		Viðbragðsáætlanir liggja ekki fyrir en rekstraraðila var bent á að vinna þarf slíkar áætlanir í samráði við umhverfisstofnun.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			x	Frárennsli liggur ekki til sjávar
Er neyðaráætlun til staðar?		x		Er ekki til staðar en minnt á að vinna að slíkri áætlun í samvinnu við Umhverfisstofnun

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		x		nei
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Stýrt með fóðurklukkum og 24 tíma skífufóðrum sem er stýrt af tölvu. Fóðrað skv. áætlun sem tekur mið af stærð seiða.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		x		Hefur ekki verið mælt. Minnt á að framkvæma mælingar.

<p>Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?</p>		x		<p>Frárennslis liggur í settjörn sem er c.a 100 metra langur skurður sem rennur í gegnum grófa rist. Þaðan tekur við tjörn og affall úr henni liggur út um fínni rist. Þaðan rennur í læk sem rennur c.a 5-8 km leið í Apavatn. Fiskur var sjáanlegur í frárennslis, mögulega villtur fiskur sem hefur leitað upp og ekki átt greiða leið til baka.</p> <p>Frárennslis frá rist á gólfi í eldishúsi liggur í setþró en er sett þannig upp að hægt er að beina því annað.</p> <p>Greinileg uppsöfnun er í frárennslislæk og settjörn ófullnægjandi</p>
<p>Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, sjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keru að viðtaka.</p>		x		<p>C.a 5-30 metrar frá kerum að settjörn. Settjörn er lítil og þröng og greinileg uppsöfnun og kominn tími á hreinsun. Rist við frárennslisop ófullnægjandi þar sem fiskur á greiða leið út í frárennslis, hækki yfirborð settjarnarinnar óverulega.</p>
<p>Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).</p>	x			Sjá að ofan.
<p>Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?</p>			x	
<p>Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.</p>		x		Eftirlit með vatnsgæðum ekki reglulegt en einhverjar mælingar hafa verið framkvæmdar
<p>Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?</p>			x	
<p>Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?</p>			x	

Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	x			Stöðin tekur inn laxa-kviðpokaseiði og sleppa í Rangár um miðjan maí. Í stöðinni er líka bleikja og sjóbirtingur. Selja heil seiði.
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		x		Fantur hefur verið notaður til að þrifa gólf en það verður ekki gert oft. Eru með formalíntunni sem hefur ekki verið notað en er til taks ef á þarf að halda. Nota viskon til að sótthreinsa. Dauðfisk hefur verið fargað með því að grafa á lóð en verður frystur og notaður í moltu. Bent á að sækja þarf um leyfi fyrir moltugerð.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		x		Bent á að setja þarf upp vöktunaráætlun
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		x		
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.		x		
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		x		Bent á að setja þarf upp vöktunaráætlun og verða næstu mælingar ákvarðaðar í samráði við umhverfisstofnun.

Niðurstöður síðasta eftirlits:	
Fyrsta eftirlit eftir að nýr rekstraraðili tók við stöðinni	
Samantekt:	Sex frávik komu fram við eftirlit og ein athugasemd var gerð.
Frávik	<p>Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis og er það frávik frá 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.</p> <p>Ekki var tilkynnt um óhapp sem varð til þess að um 15.000 seiði, um 25g að þyngd sluppu úr í settjörn og svæfð með því að svæfingaefni var helt í setþróna og dauðfiskur urðaður á lóð stöðvarinnar. Tilkynna þarf öll mengunaráhöpp skv. 5. gr. laga nr. 7/1998. Rekstraraðila er ekki heimil losun á öðrum efnum en þeim sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.</p> <p>Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina eins og hún er skilgreind í gr. 3.2 í reglugerð nr. 785/1999. Nokkuð vantar uppá að frágangur frárennslis sé viðunandi, bæta þarf setþró og ristar við frárennslisop.</p> <p>Rekstraraðili skal gera skil á grænu bókhaldi í samræmi við reglugerð um grænt bókhald, nr. 851/2002.</p> <p>Vísað er í samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum – Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skráning innra eftirlits vegna mengandi þátta skal vera í samræmi við gr. 1.4 auk þess sem ákvæðið gerir kröfu um viðbragðsáætlun vegna mengunaráhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur. • Meðferð dauðfisks skal vera í samræmi við ákvæði nr. 2.4 og urðun úrgangs á lóð rekstraraðila er með öllu óheimil skv. 5. gr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
Athugasemdir	Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004.
Annað	<p>Sækja skal um leyfi til heilbrigðisyfirvalda vegna moltugerðar</p> <p>Rekstraraðili á eftir að skila inn vöktunaráætlun vegna umsóknar um starfsleyfi.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Soffía Karen Magnúsdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.4.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Eystri - Rangár	Eftirlitsmaður	Soffía Karen Magnúsdóttir
Heimili	Keldum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5304922659	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Lúðvíksson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram við eftirlit er varða að rekstraraðili rekur starfsemi í stöðinni án starfsleyfis, ekki var tilkynnt um óhapp er varð í stöðinni v. seiða sem sluppu út í settjörn og svæfingarlyfs sem hellt var í tjörnina, frárennsli og frágangur þess er ekki skv. skilgreiningu bestu fánlegu tækni, grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað, skráningum innra eftirlits er ábótavant og dauðfiskur hefur verið urðaður á lóð rekstraraðila án leyfis. □

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Farið var í eftirlit í kjölfar atviks er varð í lok mars sl. er um 15.000 seiði sluppu út í frárennsli stöðvarinnar í gegnum glufu sem myndast hafði á milli ristar og kers. Föru seiðin í settjörn stöðvarinnar, en einnig var talinn möguleiki á að einhver seiði hafi sloppið yfir rist sem skilur að settjörn og skurð sem liggur að Apavatni.

Staðfest hefur verið af MAST að umrætt ker hafði verið tæmt af fiski og að það yrði ekki notað aftur fyrr en rist hefur verið skipt út fyrir nýja. Einnig verður öðrum ristum á svæðinu skipt út eftir þörfum.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis. Fyrir liggja drög að starfsleyfi hjá stofnuninni en enn vantar vöktunaráætlun fyrir stöðina sem og umsókn um rekstrarleyfi en starfsleyfi og rekstrarleyfi skulu afgreidd samhliða skv. 4. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008.

5. gr. laga nr. 7/1998.

Ekki var tilkynnt um óhapp sem varð til þess að um 15.000 seiði, um 25g að þyngd sluppu úr í settjörn og svæfð með því að svæfingaefni var helt í setþróna. Einnig var dauðfiskur urðaður á lóð stöðvarinnar. Tilkynna þarf öll mengunaráhöpp skv. 5. gr. laga nr. 7/1998. Rekstraraðila er ekki heimil losun á öðrum eignum en þeim sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. □

Gr. 3.2 í reglugerð nr. 785/1999.

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina eins og hún er skilgreind í gr. 3.2 í reglugerð nr. 785/1999 og skv. gr. 2.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Nokkuð vantar uppá að frágangur frárennslis sé viðunandi, bæta þarf setþró og ristar við frárennslisop. □

Reglugerð nr. 851/2002. □

Rekstraraðili skal gera skil á grænu bókhaldi í samræmi við reglugerð um grænt bókhald, nr. 851/2002. □

Lögum nr. 7/1998 og gr. 1.4 samræmdra starfsleyfisskilyrða vegna fiskeldis á landi.

Skráning innra eftirlits vegna mengandi þátta skal vera í samræmi við gr. 1.4 samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir fiskeldi á landi, auk þess sem ákvæðið gerir kröfu um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur.□

5. gr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Meðferð dauðfisks skal vera í samræmi við ákvæði nr. 2.4 og urðun úrgangs á lóð rekstraraðila er með öllu óheimil skv. 5. gr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.□

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi eða spilliefnum um niðurföll sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 □

ANNAÐ


Sækja skal um leyfi til heilbrigðisnefndar vegna moltugerðar.

Rekstraraðili á eftir að skila inn vöktunaráætlun vegna umsóknar um starfsleyfi.

Reykjavík, 01.06.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir